



Akureyrarbær



Ársskýrsla Akureyrarbæjar 2022



Velferðarsvið

Velferðarsvið

Í ársbyrjun 2021 tók velferðarsvið til starfa eftir sameiningu búsetusviðs og fjölskyldusviðs. Árið 2022 fór Covid-19 faraldurinn loks að hjaðna en hann hafði reynst bæði starfsfólki og notendum þjónustu sviðsins mjög erfiður. Árið einkenndist einnig af því að seinni hluta þess var tekið á móti miklum fjölda flóttamanna og innleiðing á samþættri þjónustu í þágu farsældar barna komst á skrið.

Brynja hússjóður kynnti metnaðarfulla áætlun um uppbyggingu íbúða á vegum sjóðsins á Akureyri á vordögum 2022. Brynja hóf að kaupa íbúðir í árslok 2022 og lagði fram áætlun um að færa frekar út kvíarnar árið 2023. Á haustmánuðum var haldið áfram með hönnun nýs þjónustukjarna fyrir fatlað fólk að Hafnarstræti 16 sem á að vera tilbúinn 2024. Hönnun á nýjum þjónustukjarna í Nonnahaga hófst einnig í lok árs.

Þjónustusvæði velferðarsviðs er Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Grýtubakka-hreppur og Svalbarðsstrandarhreppur samkvæmt samningum sem sveitarfélögin hafa gert um málaflokk fatlaðra.

Félagsþjónusta


Markmið félagsþjónustunnar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi. Félagþjónustan býður upp á félagslega ráðgjöf auk eftirfarandi úrræða; fjárhagsaðstoðar, félagslegs húsnæðis, sérstaks húsnæðisstuðnings og styrkja til náms- og tækjakaupa. Í samráði við aðra stofnanir bæjarins hefur einnig verið boðið upp á atvinnuúrræði. Þar að auki hafa ráðgjafar félagsþjónustunnar tekið að sér móttöku flóttafólks sem sækir um alþjóðlega vernd hér á landi.

Fjárhagsaðstoð


Hér til hægri má sjá heildarfjölda samþykktra umsókna og fjárhagsaðstoð á verðlagi 2022.

Lítill breyting er á því milli ára hvaða aldersflokkur nýtur helst fjárhagsaðstoðar, eins og mynd 2 sýnir.

MYND 1 – ÞRÓUN FJÁRHAGSAÐSTOÐAR Á VERÐLAGI HVERS ÁRS 2018 - 2022



MYND 2 – FJÁRHAGSAÐSTOÐ SKIPTING EFTIR ALDRI



Félagsleg ráðgjöf

Hlutverk félagslegrar ráðgjafar er annars vegar að veita upplýsingar og leiðbeiningar um ýmis félagsleg réttindi og hins vegar að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda. Öll félagsleg ráðgjöf miðar að því að hjálpa til sjálfshjálpar, þannig að einstaklingurinn geti sem best notið sín í samfélaginu. Verkefni félagslegrar ráðgjafar eru til dæmis ráðgjöf vegna fjölskyldumála, fjárhagsvanda, húsnæðisskorts, vímuefnaneyslu, skilnaðar, sjúkdóma, slysa, fötlunar, atvinnuleysis eða öldrunar.

Í apríl 2022 ákvað velferðarsvið að innleiða Samvinnu eftir skilnað (SES). Um er að ræða ráðgjöf til foreldra sem standa í skilnaði eða hafa gengið í gegnum skilnað og vilja stuðla að betri foreldrasamvinnu með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Markmið SES er að koma í veg fyrir og/eða draga úr ágreiningi foreldra og hjálpa til við og bæta samskipti þeirra á milli.

Félagslegt húsnæði

Tilgangurinn með rekstri félagslegs leiguhúsnæðis er að tryggja framboð af leiguhúsnæði til handa einstaklingum og fjölskyldum sem ekki hafa kost á að afla sér húsnæðis með öðrum hætti. Um er að

ræða almennt félagslegt leiguhúsnæði, sérstækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk og áfangaheimili.

Á árinu 2022 bárust samtals 94 nýjar umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði til Akureyrarbæjar, að meðtöldum umsóknum um áfangaheimili og sérstækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk. 64 umsóknir voru samþykktar og bættust við listann.

Á árinu 2022 fengu 23 umsækjendur úthlutun samanborið við 46 árið 2021 vegna minni hreyfinga á leigjendum. Færri íbúðir losnuðu í nýja leigu.

Fjöldi félagslegra íbúða er 345, þar af 330 leiguíbúðir og fækkaði þeim um tvær.

Á árinu barst 191 ný umsókn um **sérstakan húsnæðisstuðning**. Af þeim voru 102 samþykktar, en 85 hafnað og tvær voru í bið um áramót.

Meðalupphæð sem greidd var til stuðningsþega árið 2022 var 24.836 kr. á mánuði. Heildarkostnaður við verkefnið var 82.481.776 kr. á árinu. Ef meðalstuðningur á mánuði síðustu fjögur ár er færður á meðalverðlag hvers árs (NVT í júlí ár hvert) sést að raunstuðningur hefur lækkað enda hefur verðlag hækkað um 18% á tímabilinu.



Stuðnings- og stoðþjónusta (Heimþjónusta)


Markmið stuðnings- og stoðþjónustu er að efla notendur til sjálfsbjargar og sjálfræðis og gera þeim kleift að búa sem lengst á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður. Aldrað fólk er stærsti hópur þeirra sem fær stuðningsþjónustu. Fatlað fólk er stærsti hópur þeirra sem fær stoðþjónustu.

Stuðningsþjónusta veitir samþætta persónulega þjónustu og þrif. Vert er að skoða að tímafjöldi vinnustunda hjá þeim sem eingöngu eru með persónulega þjónustu hefur fjölgað. Það má rekja til aukins fjölda aldraðra, 80 ára og eldri, sem dvelja heima þrátt fyrir hrakandi heilsu.



Stoðþjónusta er þjónusta við þá sem þurfa umfangsmikla aðstoð. Hún felur í sér margþætta aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun.

Fleiri einstaklingar sem fatlast seinna á lífsleiðinni kjósa að búa heima í stað þess að flytjast á stofnun þrátt fyrir mikla þjónustupörf. Því eru nokkur heimili þar sem veitt er allt að sólarhringsþjónusta alla daga ársins. Þjónusta heimahjúkrunar er skipulögð í samvinnu við stuðnings- og stoðþjónustu.

MYND 3 – FJÖLDI VINNUSTUNDA Á ÁRI EFTIR VERKUM



MYND 4 – SAMSETNING STOÐÞJÓNUSTU




Veitt er bæði almenn ráðgjöf í stuðningsþjónustu og ráðgjöf iðjubjálfa. Markmið iðjubjálfunar er að efla færni, heilsu og vellíðan einstaklingsins í samræmi við þarfir, getu og langanir hans þannig að hann verði eins sjálfbjarga og mögulegt er við þá iðju sem honum er mikilvæg. Þörf er á ráðgjöf og þjálfun þegar einstaklingar ná ekki að sinna daglegri iðju á fullnægjandi hátt.

Vettvangsteymi er þjónusta fyrir einstaklinga með geðfötlun og viðvarandi vímuefnavanda. Þjónustan felst í því að starfsmenn eru til aðstoðar frá kl. 8-19 alla daga vikunnar. Veitt er aðstoð við innkaup, erindisrekstur, áminningar um lyfjatöku og almenn aðstoð við athafnir daglegs lífs eftir þörfum.


Stuðningsþjónustan sér um heimsendingu matar til þeirra sem vegna veikinda eða skertrar færni geta ekki eldað sjálfir. Alls nýttu 177 heimili sér heimsendan mat á árinu sem skiptist þannig að 145 flokkuðust sem heimili aldraðra og 32 heimili flokkuðust sem heimili öryrkja. Sjá má á mynd 7 að bæði fjöldi heimila og fjöldi útseldra matarskammta hefur aukist mikið milli ára.




MYND 5 – RÁÐGJÖF Í STUÐNINGSPJÓNUSTU



MYND 6 – FJÖLDI SEM NAUT AÐSTOÐAR VETTANGS-TEYMIS



MYND 7 – HEIMSENDUR MATUR



Þjónusta við börn

Fjölskyldustuðningur er nýtt teymi sem myndað var bæði í kjölfar sameiningar sviðanna og nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Unnið er eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar er varðar ung börn, hvort sem um er að ræða fötlun, fyrirbura eða annan þann vanda sem veldur álagi í fjölskyldum. Í snemmtækri íhlutun er horft til aðstæðna fjölskyldunnar í heild sinni og áhersla er á að byggja upp traust og góða samvinnu við foreldra.

Askjan veitir ýmsa fræðslu og ráðgjöf er varðar uppeldi og heimilishald til foreldra sem eiga í erfiðleikum með uppeldishlutverkið, ýmist vegna aðstæðna foreldra, erfiðleika hjá barninu eða annarra umhverfisþátta. Þjónustan er fyrst og fremst í formi heimsóknna inn á heimili.

Tilvísanir í Öskjuna koma frá félagsþjónustu, barnavernd og skólþjónustu á fræðslu- og lýðheilsusviði.


Stuðningsfjölskyldur í félagsþjónustu eru annars vegar í boði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og hins vegar fyrir þá sem búa við félagslega erfiðleika.

Helgardvöl er úrræði sem sett var á laggirnar árið 2019 þegar skortur var á stuðningsfjölskyldum. Börnin mæta aðra hvora helgi og er starfsemin staðsett í húsnæði Skógarlundar.

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar er sameiginleg nefnd fyrir Akureyri og nágrannasveitarfélög. Sérhæfðir starfsmenn hennar á velferðarsviði Akureyrabæjar voru sjö í byrjun árs en vegna langvarandi álags í málavinnslu var tekin ákvörðun um að fjölga starfsmönnum um heilt stöðugildi tímabundið.

Meginverkefni barnaverndarþjónusta er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.

MYND 8 – FJÖLDI MÁLA



TAFLA 1 – FJÖLDI BARNNA MEÐ STUÐNINGSFJÖLSKYLDU

| | 2020 | 2021 | 2022 |
|---------------------|------|------|------|
| Þjónustuflokkur I | 7 | 6 | 5 |
| Þjónustuflokkur II | 10 | 14 | 10 |
| Þjónustuflokkur III | 11 | 7 | 6 |
| Félagsþjónusta | 9 | 17 | 7 |
| Helgardvöl | 16 | 10 | 13 |
| Samtals | 53 | 54 | 41 |



Fjöldi þeirra barna sem afskipti eru höfð af á grundvelli barnaverndarlaga fór yfir 400 á þessu ári. Leiða má líkur að því að ástandið vegna Covid-19 faraldursins hafi haft sitt að segja um aukninguna árin á undan en að auki virðast aðstæður barna hafa farið versnandi á síðustu árum sem endurspeglar aukna þörf á afskiptum af börnum á grunni barnaverndarlaga. Þá má einnig rekja fjölgun barnaverndartilkynninga til vaxandi vitundarvakningar fólks í samfélaginu.

Flestar tilkynningar til barnaverndar eru vegna vanrækslu þó þeim fækki lítillega á þessu ári. Af þeim 286 tilkynningum um vanrækslu barna vörðuðu flestar áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra. Tilkynningum um áhættuhegðun barna heldur áfram að fjölga og er það ákveðið áhyggjuefni.


Í Sporatóni er starfrækt annars vegar búsetu-úrræði fyrir eitt barn og hins vegar sérhæfð skammtímaþjónusta fyrir tvö önnur börn. Aldrei skulu fleiri en tvö börn vera í þjónustu á sama tíma.

Skammtímaþjónusta er stoðþjónusta fyrir fjölskyldur barna og annars fatlaðs fólk sem enn býr í foreldrahúsum með verulega fötlun og á kost á tímabundinni dvöl þegar þörf krefur.

Skammtímaþjónusta býður upp á neyðarvistun ef óvænt atvik eða áföll koma upp hjá fjölskyldum notenda. Á árinu voru 20 einstaklingar í skammtímaþjónustu og 15 þeirra yngri en 18 ára. Vistunarsólarhringar skammtímaþjónustu árið 2022 voru 1.529 þar af 52 neyðarvistunarsólarhringar.

Boðið er upp á frístundaþjónustu frá kl. 13-17 virka daga fyrir börn og ungmenni á aldrinum 10-20 ára sem eru með skilgreinda mikla fötlun. Yfir sumartímamann er einnig í boði vistun fyrir sama hóp en 6-9 ára börn bætast við. Í boði eru ýmis tólmstundatíla, frjáls leikur, útivera og vettvangsferðir. Alls nýtti 21 barn þessa þjónustu árið 2022.


MYND 9 – FJÖLDI TILKYNNINGA




TAFLA 2 – ÁSTÆÐUR BARNVERNDARTILKYNNINGA

| | 2020 | 2021 | 2022 |
|--------------------------------------|------|------|------|
| Vanræksla | 299 | 292 | 291 |
| Ofbeldi | 137 | 163 | 163 |
| Áhættuhegðun barns | 161 | 193 | 219 |
| Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu | 1 | 8 | 5 |
| Samtals | 598 | 656 | 677 |

MYND 10 – SKAMMTÍMAÞJÓNUSTA



MYND 11 – FRÍSTUNDAÞJÓNUSTA



Heimili og virkni

Plastiðjan Bjarg-lðjulundur (PBI) er staður starfsendurhæfingar og starfsþjálfunar auk þess að vera vinnustaður fyrir fatlað fólk í ótímabundinni ráðningu. Uppistaða verkefna er létt iðnaðarframleiðsla og þjónusta. Framleidd eru m.a. raflagnaefni, kerti, búfjármerki, mjólkursíur, diskapurrkur, klútar og skilti.

PBI er til húsa að Furuvöllum 1 og þar er opið frá kl. 8-16 virka daga. Um er að ræða vinnustað fyrir fólk sem vegna fötlunar, eða af öðrum ástæðum, hefur skerta starfsgetu. PBI starfar skv. lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Starfsendurhæfing og starfsþjálfun er ætluð einstaklingum á aldrinum 18-70 ára. Starfsþjálfun er tímabundin og er hugsuð til sex mánaða í senn en hægt er að framlengja tímabundna ráðningarsamninga, ef þörf er á frekari þjálfun eða ef bið er í önnur atvinnutilboð. Markmiðið með starfsþjálfun og starfsendurhæfingu er að þjálfa einstaklinga til starfa og meta möguleika þeirra til vinnu á almennum vinnumarkaði.

Verkefnastaða PBI var góð árið 2022. Framleiðsla á búfjármerkjum hefur gengið vel eins og undanfarin ár. Eftirspurn eftir raflagnaefni var stöðug, sala á mjólkursíum er svipuð og á síðasta ári og sala útikerta stóð í stað. Nokkur samkeppni var um sölu á dýfðum veislukertum en þó tókst að auka sölu þar sem Bónusverslanir í bænum tóku kertin til sölu og Íþróttafélög tóku fleiri kerti en áður til fjáraflana. Bómullartuskum og efnunum er safnað og unnir úr þeim tuskubaggar sem seldir eru til að mynda vélaverkstæðum og útgerðarfélögum. PBI hefur m.a. fengið dygga aðstoð frá Rauða Krossinum og Hjalpræðishernum við efnisöflun sem og frá einstaklingum og ýmsum stofnunum á Akureyri.

TAFLA 3 – STARFSFÓLK PBI

| | fjöldi | stöðugildi |
|-------------------------|--------|------------|
| Starfsþjálfun 30% | 19 | 5,7 |
| Starfsþjálfun 50% | 5 | 2,5 |
| Ótímabundin ráðning 30% | 10 | 3 |
| Ótímabundin ráðning 50% | 8 | 4 |
| Ótímabundin ráðning 70% | 3 | 2,1 |
| Annað starfsfólk | 14 | 13,2 |
| Alls | 59 | 30,5 |

Í **Skógarlundi** er boðið upp á proska-, iðju- og starfsþjálfun fyrir einstaklinga með langvarandi stuðningsþarfir. Skógarlundur er opinn frá kl. 8-16 virka daga og boðið er upp á hálf dags þjónustu, annað hvort fyrir eða eftir hádegi. Unnið er á sex starfsstöðvum og allir vinna á tveimur starfsstöðvum á dag. Fjölbreytnin eykur virkni og starfsgleði. Starfsstöðvarnar eru: Skapandi starf, vinnuþjálfun, gagnaeyðing, smíðar og handverk, hreyfing og tölvur og rofar. Einnig er boðið upp á skynörvun og tjáskipti.

Aðalmarkmiðið með vinnu og virkni er að fullorðið fólk fái tækifæri til vinnu, virkni og möguleika á að starfa að fjölbreyttum verkefnum. Lögð er áhersla á að allir séu virkir þátttakendur og vinnan aðlöguð að hverjum og einum. Starfsstöðvarnar bjóða upp á fjölbreytt verkefni sem taka tillit til áhuga og þarfa með virðingu að leiðarljósi.

TAFLA 4 – SKÓGARLUNDUR

| | 2020 | 2021 | 2022 |
|--------------------------|--------|--------|--------|
| Einstaklingar í þjónustu | 44 | 43 | 45 |
| Þjónustustundir | 37.934 | 39.916 | 40.208 |

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu hefur þjónustustundum fjölgað töluvert á undanförunum árum. Leiðbeinendur eru 18 í 16 stöðugildum. Talsvert var um mannabreytingar og langtíma-veikindi.



Laut nefnist athvarf fyrir fólk með geðraskanir. Markmiðið með rekstri Lautar er að rjúfa félagslega einangrun, draga úr fordómum og auka lífsgæði þeirra sem eiga við geðræna sjúkdóma að stríða.

Í Laut er boðið upp á heitan mat í hádeginu. Þar er boðið upp á hreyfingu, gönguferðir, sundleikfimi og sundferðir, svo eitthvað sé nefnt. Einnig er mikið um spil, handavinnu o.s.frv.

Á árinu 2022 voru alls 2.674 heimsóknir í Laut, eða að meðaltali 11 manns á dag.

Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk er mjög fjölbreytt. Á síðasta ári nutu í heildina 76 einstaklingar þjónustunnar í þjónustukjörnum eða sambýlum. Aðrir fengu sértæka heimaþjónustu og stoðþjónustu.


Allir sem fá þessa þjónustu eiga það sameiginlegt að hafa farið í mat á stuðningsþörf (SIS mat). Akureyrarbær líkt og önnur sveitarfélög getur óskað eftir greiðslum úr Jöfnunarsjóði til að standa straum af kostnaði við þessa þjónustu.

Tekið er á móti umsóknum í gegnum þjónustugátt á heimasíðu Akureyrarbæjar um félagslegt húsnæði og sérútbúið húsnæði ætlað fötluðu fólki.


Þjónustukjarnar eru nokkrar íbúðir undir sama þaki eða stutt milli þeirra. Í sumum tilfellum er sameiginlegt rými fyrir íbúa og/eða starfsmannaaðstaða. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu og stuðning íbúarnir fá en það fer eftir þörfum hvers og eins. Þrjú einstaklingar í þjónustukjarna eru í öryggisvistun en öryggisvistun er úrræði fyrir ósakhæfa dæmda einstaklinga. Íbúðirnar eru sérstaklega hannaðar með þetta í huga auk þess sem mönnun tekur mið af þeirri þjónustu.

Árið 2022 voru í gildi átta samningar um Notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), þar af einn vegna barns. Ljóst er að þetta þjónustuform hentar vel hópi fólks þótt samningum hafi ekki fjölgað þar sem fjármagn frá ríki til að standa undir 25% af kostnaði hefur verið takmarkað.

MYND 12 – BÚSETUÞJÓNUSTA FYRIR FATLAÐ FÓLK



MYND 13 – FJÖLDI NPA SAMNINGA



Gerðir hafa verið nokkrir notendasamningar til að koma til móts við þarfir þjónustubega. Sama hugmyndafræði er að baki þeim samningum en engin endurgreiðsla fæst vegna þeirra og því er takmarkaðri þjónusta veitt.





Akureyrarbær

Þetta skjal er hluti af ársskýrslu Akureyrarbæjar 2022, aðra hluta má sjá á vef Akureyrarbæjar akureyri.is undir Stjórnkerfi > Útgefið efni > Ársskýrslur

Útgefandi: Akureyrarbær 2023

Ritstjórn: Ragnar Hólm Ragnarsson

Yfirllestur og prófarkir: Brynja Björk Pálsdóttir og Ragnar Hólm Ragnarsson

Ljósmyndir: María Helena Tryggvadóttir

Mynd af bæjarstjóra: Daníel Starrason

Hönnun og umbrot: Blek hönnunarstofa, blekhonnun.is